

## “Langa ferðin “

Föstudagurinn 10. júlí er runninn upp. Það er þungskíjað, eins og oft áður í sumar. Við lögðum eftirvæntingarfull af stað í "stóru ferðina" seinni hluta dags. Það syndist hjartara vesturundan og á Öxnadalsheiðinni birtist Mælifellshnjúkurinn baðaður sól, með allar gilskorur fullar af nyföllnum snjó. Áð venju snæddum við kvöldmatinn við hliðina á smaladrengrum Stephani G. áður en við lögðum á skarðið. Þegar við sáum vestur af, duttu mér þessar ljóðlínur Stephans í hug:

"Suður til heiða frá sæbotni skáhöllum  
sólheimur ljómaði varðaður bláfjöllum"

Fyrsti áningarstaður var Blönduós, þar var alveg rjómaþléða, en frekar kalt. 13 bílar voru í hopnum þessa fyrstu nótt.

Eftir venjuleg morgunverk, fórum við nokkur saman á textilsýningu í kirkjunni. Til synis voru gullfalleg silkimálverk eftir lisakonuna Hrönn Vilhelmsdóttir. Eg noraði tækifærið og mætaði mig í einn kirkjubekkin, það var eins og annars staðar-útilokað að festa blund í þessari kirkju. Afram var haldið áleiðis til Hólmavíkur, sem er næsti áningarstaður.

Það var glaða sólskin og skyin í vestrinu voru eins og þeim hefði verið raðað hverju ofan á annað með reglstriku og hallamáli og Húnæflóinn var alveg lygilega blár.

Fátt bar til tíðinda, fyrr en við komum að Litla-Fjarðarhorni í Kollafirði. Þá buldi við brestur og allskonar drasli ringdi niður úr bílnum.

Ferðin búin, hugsaði eg.

Góðviljaður vegfarandi benti okkur á að hafa samband við snilling, sem bjó á næsta bæ, Jón á Ljúfustöðum. Einnig höfðum við samband við ferðafélagana, sem komnir voru til Hólmavíkur.

Steini Mar kom á eftir okkur og að hans ráði fórum við út í móa og grilluðum á meðan við biðum eftir hjálp. Sannaðist nú hið fornkveðna að enginn ræður sínum grillstað! Loks komu nokkrir snillingar á húsbíl frá Hólmavík, jafnframt því sem Jón á Ljúfustöðum kom úr hinni áttinni.

Þeir fóru svo heim með Jóni, til að freista þess að finna hjörulið í stað þess, sem brast. Eftir nokkra leit fannst einn passlegur úr - mykjudreifara! Síðan var þessu tjaslað neðan í bílinn, sem er betri en nyr. Þegar við renndum inn á tjaldstæðið á Hólmavík var okkur vel fagnað og þurftu margir að skoða nýja mykjudreifarann.

Seinna um kvöldið var slegið upp balli á Kaffi Riis sem er mjög vistlegur staður. Þar þöndu 4 félagar nikkur sínar, ymist öll saman, eða til skiftis, fram til kl 2 að allir fóru til síns heima, enda strangur á-fangi norður til Djúpavíkur að morgni. Þegar við lögðum af stað frá Hólmavík lá svo ljómandi vel á Valgerði Kristjánsdóttur að hún fór með þetta ljóð í talstöðina:

Við sumarsins ljúfa ljós og yl  
ljómandi er gott að vera til  
og í hópi Flakkara ferðast.  
Mér finnst sem ég lifni og ljómi öll  
og líti út bílinn sem draumahöll  
mín ánægja ekki mun skerðast.

Við héldum sem leið lá, að Laugarhóli í Bjarnarfirði, þar sem allir fóru í Laug Gvendar góða til að skola af sér svitann eftir dansiballið á Riis. vegurinn norður Strandir var alveg hræðilegur mjór og harður, blindbeygjur og brattar brekkur niður að fara og aðrar beint upp í himininn, með tilheyrandi himnaför, ef ökumaðurinn er ekki með hugann við aksturinn.

Mjög mikil umferð var að norðan, enda hafði verið 200 manna ættarmót í Ófeigsfirði um helgina. Þar hefur ábyggilega verið fjör, því allir í bílunum sem við mættum voru steinsofandi, nema þeir sem voru undir styri.

Þegar við komum í Veiðileysufjörð, blasti Reykjafjarðarkamburinn við í allri sinni dýrð. Hann er tignarlegur, hvar sem á hann er litið. Við fórum um hlöð á Djúpavík og norður fyrir ána og settumst að á "grundinni við réttarvegginn"

Eftir kvöldmatinn fóru sumir til veiða, en höfðu ekki erindi sem erfiði, því selurinn bylti sér í hæfilegri fjarlægð og hló að veiðimönnunum. Mikil ró var yfir mannskapnum og voru flestir gengnir til náða um miðnætti. Næsta morgun var sól og blíða, loksins hægt að fara í stuttbuxurnar!

Um kl.10 fóru menn að tínast af stað til Norðurfjarðar, þar sem við settum Kaupfélagið á annan endann og kláruðum Ísbirgðirnar. Þaðan fóru nokkrir í sundlaug Leifs heppna að Krossnesi. Laugin er í fjöruborðinu og brimið rétt utan seilingar. Aðrir fóru að Munaðrnesi, en þaðan sést nrður að Dröngum, en aðrir fóru í Ingólfsfjörð og jafnvel Ófeigsfjörð.

Í Arnesi er vísir að minjasafni og gallerí. aðal safngripurinn er hreppstórabúningur Guðjóns á Eyri í Ingólfsfirði. Hann hlytur að hafa verið mikið yfirvald í sinni tíð.

Um kvöldið fóru mörg okkar á hótelið á Djúpuvík. Við fengum okkur bjór eða kaffi en Ella nikkari spilaði fyrir okkur á meðan. Og ofan við Þorpið söng fossinn Eiðrofi sinn eilífðar söng meðan Suðurlandið sefur svefninum langa í fjörunni. Kl.10 næsta morgun lögðu allir af stað suður að Laugum í Dalasyslu. Þókan hylur fjallatoppana og heldur er orðið kaldranalegt, en litirnir í ladslaginu eru einstakir. Mikil og fagurgræn burknastóðilautum og giljum, en skófirnar á steinunum ymist svartar eða ferkjubleikir og ferskjubleikir toppar í dyjamosanum.

Um hádegi komum við til Hólmavíkur, þar þvoðu flestir bíla sína, en það var nú unnið fyrir gíg. Tröllatunguheiðin er einstaklega leiðinlegur fjallvegur og ekki vildi eg gera það að kæk að ferðast um hana. Í Króksfjarðarnesi voru bílarnir þvegnir upp á nytt, áður en lagt var á nýju Gilsfjarðarbrúna, sem er mikið mannvirki.

Á leiðinni suður Strandir fór að sjóða á einum bílnum. Eftir miklar vangaveltur kom í ljós, að Þótt eigandinn hefði átt bílinn í 5 ár hafði hann aldrei

kveikt á kæliviftunni!

Við komum að Laugum kl. 16 og drifum okkur strax í sund í nírri og glæsilegri laug og nutum þar dyggrar aðstoðar Flakkara nr. 180, sem ætíð er reiðubúinn til hjálpar ef með þarf Næsta morgun var komið rok og rigning, svo að fljótlega var lagt af stað til Stykkishólms, þar sem við gistum næstu 2 nætur. Um kvöldið lögðum við efri hæðina á Kaffi Knudsen undir okkur, sátum þar þétt eins og síld í tunnu og dönsuðum á gólfi á stærð við hálf frímerki! Nikkararnir okkar spiluðu til kl. 24, þá skokkuðum við heim í slagveðrinu og gerðum klárt fyrir Eyjaferð kl. 9 að morgni næsta dags, sem byrjaði með hafragraut og slátri að sjóara síð. Veðrið var hryssingslegt, en ótrað stigum við um borð í Brimrúnu, myndarlega tvíbytnu. Við skoðuðum sérkennilegt landslagið í suðureyjum og fjölbreytt fuglalífið m.a. sáum við haförn á flugi og unga í hreiðri. Skipverjar á Brimrúnu tóku eitt hal með skelfiskplógnum og var okkur boðin gömsæt hörpuskel beint upp úr Breiðafirðinum og skoluðum við henni niður með hvítvíni skipsins. Þá var stefnan sett á Flatey, þar beið eigandi Eyjaferða eftir okkur og gekk hann með okkur um eyna. Við skoðuðum kirkjuna sem er ríkulega myndskreytt af Baltasar Samper. Á altaristöflunni er Baltasar Kormákur í hvítri lopapeysu sem Jesús Kristur og þekktir bændur úr nágrenninu að greiða net við fætur hans. Þetta fór víst eitthvað fyrir brjóstið á kirkjunnar mönnum. Á svona myndum má bara vera steindautt fólk Flökkurum til hróss skal þess getið, að fólk, sem sá þennan fríða hóp, hélt að þar væru útlendingar, því við værum svo vel búin! Spennan lækkaði all verulega á mannskapnum á heimleiðinni og fengu margir sér drjúgan blund. Stelpan í sjoppunni reyndist vera ágætis nikkari og skiftist hún á við nikkaran okkar að spila undir fjöldasöng á heimleiðinni. Seinni hluta dags var farið að grilla og sáu þeir Gvendur Jóns og Gunní Skarphéðins um það, klæddir kuldagöllum, eins og flestir aðrir klæddust við borðhaldið.

Um kvöldið hertókum við neðri hæðina á Kaffi Knudsen og dönsuðum þar til kl. 1.

A föstudagsmorgunn var stefnan tekin vestur nes, sumir komu við í Bjarnarhöfn til að fá sér náttúruaukandi hákarl. Veðrið var gott og bjart til vesturs og suðurs og við skoðuðum áhugaverða staði á leið okkar fyrir Jökul, svo sem Djúpalón og Hellna. Einn Flakkari státaði sig af því, að hafa drukkið kaffi á minnsta kaffihúsi landsins.

Fjörúhúsinu á Hellnum, á meðan konan fór að skoða hina helgu lind Hellnamanna, þar sem María mey birtist Guðmundi góða árið 1230, þegar hann blessaði lindina. Um kvöldmatarleitið komum við að Arnarstapa, áfangastað kvöldsins.

Tjaldstæðið var svo fullt, að þar var varla hægt að drepa niður hendi eða fæti. Ekki var að hrópa húrra fyrir snyrtiaðstöðunni. Klósettin fá og gólfið í kringum þau svo grautfúið, að barn í hópnum datt niður um það!

Það hvessti og kólnaði um kvöldið svo að flestir gengu snemma til náða enda þreyttir eftir gjærdaginn.

Laugardagur 18 júlí, síðasti dagur ferðarinnar. Nú var verulega farið að fækka í hópnum, sumir þurftu að fara á ættarmót, aðrir í stórafmæli, eða bara heim. eftir skoðunarferð í krúgerinu við ströndina, héldum við af stað að sönghelli, sem er bak við Stapafellið og þaðan áleiðis til Borgarness þar var svo hvasst að óverandi var á tjaldstæðinu. Tveir undanfarar fóru yfir að Mótél Venusi, til að athuga, hvort ekki væri betra að vera þar. Þeir félagar fóru víst ekki troðnar slóðir í þessum leiðangri, því að ekki var heill bolli eftir í bílnum, þegar þeir komu aftur og frúin enn að dusta kanilinn úr fötum sínum. Það fór svo, að við fórum öll suður yfir brúna Halldóru og settumst að í kjarrinu niður með ánni og um kvöldið slógum við upp balli á Mótélinu, það var fjórða ballið í ferðinni.

Og það var dansað og dansað, misvel að vísu og hélt einn herrann því fram að daman, sem hann var að

dansa við í það skiftið, væri mun skárri. ef  
hausinn snéri niður og lappirnar upp!  
Þessi kona var ekki Flakkari.  
Þegar dansinum lauk, söfnuðumst við saman í bíl  
nr. 260 og sungum þar um stund.  
Á sunnudagsmorguninn sváfu flestir fram eftir, en  
svo tvístraðist það sem eftir var af hópnum.  
Ferðanefnd og hljóðfæraleikarar eiga þakkir skildar  
fyrir velheppnaða ferð.

H.H. 208.

Eg man ekki hve margir bílar tóku þátt í ferðinni í  
allt, en þeir voru þónokkuð margir. Ferðanefndin  
hlytur að geta upplýst það.  
Þið ráðið alveg hvort þið notið þetta, eða setjið í  
ruslakörfuna.

Með Flakkarakveðjum  
Hafdís Hafliðadóttir Flakkari nr. 208.